

Til sveitarstjórnarráðs Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Erindi: Umsókn um styrk

Vegna aukinnar aðsóknar í þjónustu Afslsins, samtaka fyrir þolendur ofbeldis, óska samtökin eftir því við sveitarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps að veita samtökunum styrk að upphæð 100.000 kr.

### **Um Aflið**

Aflið, samtök fyrir þolendur ofbeldis, sinnir einstaklingsviðtölum og hópastarfi, fólki að kostnaðarlausu. Samtökin taka á móti breiðum hópi en á síðasta ári tókum við viðtöl við 112 einstaklinga sem hingað leituðu i fyrsta sinn en alls tókum við viðtöl við tæplega tvö hundruð einstaklinga. Þess má geta að fólk kemur að jafnaði í sex einstaklingsviðtöl og á möguleika á því að fara í hópastarf í framhaldi af því. Þjónusta Afslsins er fjölbreytt og bjóðum við upp á fjar-og símaviðtöl en þó kjósa flestir að hitta ráðgjafa í persónu. Fólkið sem hingað leitar er staðsett víðsvegar á landinu. Þess má geta að kostnaður við hvern skjólstæðing nemur um kr. 150.000.

Aflið er með ráðgjafa sem ferðast í önnur sveitarfélög til þess að veita ráðgjöf með reglulegu millibili en einnig er Aflið með ráðgjafa sem staðsettir eru í öðrum sveitarfélögum. Aðal starfsstöð Afslsins er á Akureyri, einn ráðgjafi er staðsettur á Húsavík og annar á Egilsstöðum. Þar að auki erum við með reglulega viðveru á Blönduósi og á Reyðarfirði.

### **Þolendur ofbeldis á landsbyggðunum**

Aflið hefur lagt áherslu á að útfæra þjónustu sína þannig að hún henti aðstæðum þolenda ofbeldis á landsbyggðunum. Ástæðan fyrir því að við sendum ykkur þetta erindi og óskum eftir styrk er til þess að bæta þjónustu til þolenda í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

### **Samningar**

Einnig er möguleiki á því að gera sérsniðinn þjónustusamning við Aflið, sem hentar sérstaklega þolendum ofbeldis í ykkar sveitarfélagi. Slíkur samningur getur t.d. falið í sér aukna þjónustu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi þar sem Aflið yrði auglýst sérstaklega og gæti mögulega heimsótt ykkur til þess að koma með fræðslu. Þess má geta að fjarviðtöl eru alltaf í boði fyrir alla óháð búsetu. Sé áhugi á því að gera slíkan samning, þá tökum við vel á móti ykkur og útfærum samning í góðri samvinnu.

Með von um jákvæð svör

Fh. Afslsins

Erla Hrönn

Erla Hrönn, framkvæmdastýra Afslsins.